

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 31. janúar 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-168/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. desember sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni xx af Y. Álitsbeiðandi segir galla vera á bifreiðinni og gerir kröfu til þess að kaupunum verði rift og hann fái kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 4. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 11. janúar. Með bréfi, dags. 13. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvör seljanda og bárust þær 17. janúar. Með bréfi, dags. 18. janúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kæruneftndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali sem álitsbeiðninni fylgdi keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx 13. desember 2010. Þar er skráð að bifreiðin sé af gerðinni Renault Mégane Scenic Rx4, framleiðsluár sé 2001, fyrsti skráningardagur 9. apríl s.á og að bifreiðinni hafi verið ekið 183.000. Kaupverðið var kr. 500.000.

Í álitsbeiðni segir að 15. desember hafi komið aðvörunarljós um það að bensín vantaði á bifreiðina og kveðst álitsbeiðandi hafa keypt sér 5 lítra af bensíni og hellt á. Bifreiðin hafi ekki farið í gang og hafi seljandi sagt að það væri vegna þess að hún fengi ekki nóg bensín. Um þetta hafi þeir þráttað og í lokin hafi seljandi sagt að verið gæti að startvörninni í bifreiðinni væri um að kenna. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið og startað bifreiðinni og þá hafi hún farið í gang og hann því beðið seljanda afsökunar. Hinn 20. desember hafi kona sín farið í heimsókn á bifreiðinni en ekki komist heim á henni vegna þess að ekki hefði verið hægt að koma henni í gang. Bifreiðin hafi síðan verið sett í viðgerð og í ljós hafi komið að skipta hafi þurft um skynjara og en á hann hafi farið lím. Verður að draga þá ályktun af þessari lýsingu álitsbeiðanda að skynjarinn hafi ekki virkað af þeim sökum. Álitsbeiðninni fylgdi verkbeiðni frá viðgerðarverkstæði og á hana eru skráðir eftirtaldir kostnaðarliðir:

Sveifarásskynjari

kr. 7.692

Rafmagnstengi	kr. 6.798
Rafgeymir	kr. 15.942
Verkfæragjald	kr. 3.936
Ath. gangtruflun og skipta um sveifarásskynjara og rafgeymi	kr. 10.280

Heildarfjárhæð þegar sá sem verkbeiðnina skrifaði hefur bætt við virðisaukaskatti er kr. 51.094. Þá hefur verið skrifað á reikninginn „dráttarbíll 9000.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörunum kemur fram að seljanda hafi ekki verið kunnugt um að neitt hafi verið að bifreiðinni þegar hún var seld og það sem álitbeiðandi segi hafa verið að henni hafi ekki komið í ljós fyrr en 16. desember. Seljandi bendir á að áhættan af seldum hlut flytjist til kaupanda við afhendingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Ekki hafi komið í ljós fyrr en 20. desember að bifreiðin hafi ekki farið í gang af öðrum sökum en á hana hafi vantað bensín. Kaupandi hafi reynsluekið bifreiðinni og skoðað hana rækilega fyrir kaupin. Líta verði til þess að um 10 ára gamla bifreið sé að ræða sem ekið hafi verið 183.000 km. Slappur rafgeymir verði aldrei talinn til leyndra galla í skilningi laga um lausfjárkaup auk þess sem það geti gengið nærri geyminum sé bifreiðinni startað lengi, sama í hverju ástandi hann sé. Rafmagnsbílanir í bifreiðinni hafi átt sér stað án nokkurs aðdraganda og harla ólíklegt sé að þær hafi verið til staðar þegar kaupin fóru fram. Sömu rök eigi við aðra hluti sem gert hafi verið við samkvæmt verkbeiðni en skjalið sem álitsbeiðandi hafi sent sé ekki reikningur og hafi því ekki sönnunargildi um fjárhæð viðgerðar vegna hins meinta galla. Seljandi mótmælir því að „átt hafi verið við“ skynjara í bílnum sem ósönnu og ósönnuðu. Þá bendir seljandi á að til þess að til riftunar geti komið, sbr. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000, þurfi að koma til verulegar vanefndir af hálfu samningsaðila. Engum vanefndum seljanda sé til að dreifa hvað þá verulegum vanefndum. Þar sem álitsbeiðandi hafi ekki gert aðrar kröfur en um riftun segist seljandi telja að kærunefndin geti ekki mælt fyrir um önnur úrræði við úrlausn málsins.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir í athugasemdum sínum að hann hafi aldrei haldið því fram að bifreiðin hafi orðið bensínlaus. Þá segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi seljandi sagt að bifreiðin væri í fullkomnu standi, betri vél hefði verið sett í hana og eftir það hafi henni verið ekið ca 110.000 km. og búið að skipta um ýmsa hluti. Aldrei hefði orðið af kaupunum hefði þetta ekki staðist. Þá lýsir álitsbeiðandi enn samskiptum sínum við eiginmann seljanda og þykir ekki ástæða til þess að rekja þá frásögn hér.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa álitur að viðskipti álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfróðs aðila, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni xx, dags. 13. desember 2010, segir m.a. eftirfarandi:

„Seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda. Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við.“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi því 19.- 20. gr. laga nr. 50/2000, en þar segir m.a. eftirfarandi.:

19. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða

c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefndin álitur að ekkert hafi verið leitt í ljós um það að seljandi hafi vitað eða mátt vita um að svokallaður sveifarásskynjari í bifreiðinni var ekki í lagi og um hann þurfti að skipta. Sama máli gegnir um rafgeyminn. Þegar litið er til þess að bifreiðin var orðin rúmlega níu og hálfis árs gömul þegar kaupin fóru fram, ekin 183.000 km., hugsanlega minna á vél eða 110.000 km., og kostaði kr. 500.000, lítur kærunefndin svo á að kaupandi slíkrar bifreiðar megi búast við því að hún þarfnist ýmiss konar viðhalds, fyrr eða seinna, s.s. að skipta þurfi um rafgeymi o.fl. Kærunefndin álitur því að ástand bifreiðarinnar hafi ekki verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði eða mátti hafa ástæðu til að ætla miðað við kaupverðið og atvik að öðru leyti, sbr. ákvæði c-liðar 19. gr. laga nr.

50/2000, enda þótt hann hafi þurft að kaupa nýjan rafgeymi í bifreiðina og láta skipta um sveifarásskynjara. Samkvæmt þessu álítur kærunefndin, þótt álitsbeiðandi hafi þurft að kosta framangreindar lagfæringar, að ekki sé hægt að fallast á að bifreiðin hafi verið gölluð í skilningi ákvæða laga nr. 50/2000 sem rakin eru hér að framan og þar af leiðir að álitsbeiðandi verður ekki talinn eiga úrbótarétt á hendur seljanda að þeim lögum. Af framangreindum ástæðum verður að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir